Rvík, 6. Sept. 1862.

Heiðraði vinur minn!

Fyrir 2 bréf yðar frá 25. Maí og hitt í august þakka eg yður, samt sérílagi fyrir það sem fylgði fyrra bréfinu, sem var 1. Kvæðin (að minnsta kosti nokkur) frá Jóni á Tirði, 5 arkir; 2. þrjú leikblöð (2: 4to, 1: 8vo); 3. Erfiljóð og grafskript yfir Jón Laxdal; 4. Grafskript yfir Helga prentara Helgason, en Hringa-almanakið man ei að eg hafi feingið frá yður áður; en alt er þetta til mín komið frá yður, einsog vant er, án þess nokkurt verð sé á neinu, svo mér er ómögulegt að senda yður reikning yfir viðskipti okkar, þó eg með fyrirminnztu bréfi hafi feingið einhverja nýnið af eptirstöðvalista frá yður, sem þér hafið heldur en ekki kastað höndunum til að semja; þó sé eg nú á honum verð þess, sem eg hefi að ofan talið meðtekið frá yður. Eins hefi eg feingið frá yður Eptirmæli Odds Jónssonar, Grafskript Guðr. Ragnh. og Páls Jóakimssonar, sem þér hafið talið á listanum sama, en þar á móti ekki Skand-erbegsrímur, Stafrofskver (nema það sé nú tökk, sem þér skilduð eptir hjá mér í fyrra ár Stöfunarbarni Séra Gunnars Pálssonar, sem báði vantar apten og framanvið), ekki heldur hefi eg feingið Grafskript Sesselju Hallgríms dóttur. Sök má í salti liggja fékk eg frá yður í fyrra, en ekki í ár minnir mig og svo hefi eg teiknað það hjá mér. Mér skilst þér séuð búinn að selja Nýju Testamentin öll, nema þau 8, sem liggja óseld fyrir austan, en hvar þau